



Mynd: Brunavarnir Árnessýslu.

Ný og glæsileg slökkvistöð vígð á Laugarvatni

Mánudaginn 20. apríl var ný og glæsileg slökkvistöð Brunavarna Árnessýslu á Laugarvatni formlega vígð. Um er að ræða 360 fermetra mannvirki sem markar mikil tímamót í brunavörnum héraðsins. Samkvæmt Pétri Péturssyni slökkvi-

liðsstjóra er nýja stöðin mikil lyftistöng. „Þetta er gjörbylting fyrir Laugarvatn og nágrenni sem lyftir þjónustunni á hærra stöð,“ segir Pétur.

Stöðin er mun betur staðsett en sú gamla og býður upp á rýmri tækjasal þar sem tank-

bíll verður nú staðsettur. Auk þess er komið gott pláss fyrir tækjabúnað til gróðurelda og betri aðstaða til æfinga. Starfsmannaaðstaðan er sömuleiðis stórbætt, sem skiptir höfuðmáli fyrir vinnuumhverfi slökkviliðsmanna.

Pétur leggur áherslu á að þetta verkefni hefði ekki orðið að veruleika hefði ekki verið fyrir frábæra samvinnu. „Verkefnið naut mikillar jákvæðni og velvilja allra sveitarstjórnarmanna í sýslunni, sem sýndu skilning á mikilvægi þess að efla

innviði okkar og fyrir það erum við mjög þakklát.“

Stjórn og starfsfólk Brunavarna Árnessýslu þakka öllum þeim sem sáu sér fært að mæta og fagna þessum ánægjulegu tímamótum með slökkviliðinu.

Helga Guðrún ráðin markaðs- og kynningarfulltrúi Rangárþings ytra

Helga Guðrún Lárusdóttir hefur verið ráðin markaðs- og kynningarfulltrúi Rangárþings ytra og mun hefja störf í byrjun maí. Hún er búsett á Selfossi, þekkir vel til á Suðurlandi og hefur sterka tengingu við svæðið og nærsamfélagið.

Lesendur Dagskrárinnar ættu að kannast vel við Helgu Guðrúnu en hún vann sem blaðamaður og ritstjóri Dagskrárinnar og DFS.is í tvö ár, frá 2022 til 2024.

Starfið var auglýst í lok febrúar og sóttu tólf umsækjendur

um, en tveir drógu umsókn sína til baka á meðan á ferlinu stóð.

Helga lauk diplómanámi í skapandi greinum frá Háskólanum á Bifröst með ágætiseinkunn og hefur einnig stundað nám í skapandi skrifum og upplýsinga- og fjölmiðlafraeði.

Í starfinu mun hún meðal annars bera ábyrgð á markaðs- og kynningarmálum sveitarfélagsins, hafa umsjón með viðburðum á borð við Töðugjöld og Þjóðhátíðardaginn á Hellu, sinna vef- og samfélagsmiðlum og eiga í samskiptum við hagsmunaaðila.



Mynd: Aðsend/Ágúst Leósson.

Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2020-2025

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

NÝR TOYOTA bZ4X



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

 Toyota
Selfossi



ADALSKOÐUN

Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996

Er ferðavagninn klár í sumarið?

Barokk og bresk tónlist í Skálholti

Strengjasveitin Spiccato heldur tónleika í Skálholtsdómkirkjunni laugardaginn 25. apríl næstkomandi klukkan 16:00. Á tónleikunum verður boðið upp á flotta dagskrá þar sem barokk-tónlist mætir breskum meistara-verkum, en á efnisskránni eru Fiðlukonsert í E-dúr eftir Johann Sebastian Bach, Konsert fyrir strengi í A-dúr eftir Antonio Vivaldi, Simple Symphony eftir Benjamin Britten og Fantasia um stef eftir Tallis eftir Ralph Vaughan Williams. Tóntegund verka á efnisskránni eru E-A-D-G, sem eru einmitt eins og strengir fiðlunnar.

Strengjasveitin Spiccato var stofnuð árið 2012 af hópi hljóðfæraleikara sem vildu skapa vettvang til að flytja strengjatónverk, sérstaklega frá barokktímanum. Sveitin vinnur eftir

lýðræðislegum vinnubrögðum þar sem enginn einn stjórnar, heldur skiptast meðlimir á skoðunum um túlkun á æfingum og fá allir tækifæri til að koma fram sem einleikarar. Konsertmeistari sveitarinnar er Martin Frewer.

Á þeim rúmlega tólf árum sem sveitin hefur starfað hefur

hún haldið tuttugu og fimm tónleika, en þeir hafa flestir farið fram í Reykjavík til þessa. Það er því tilvalið tækifæri fyrir tónlistarunnendur á Suðurlandi að njóta tónlistarflutnings í hljómburði dómkirkjunnar, en aðgangur að tónleikunum er ókeypis.



Ný tækifæriskort styrkja heilbrigðisþjónustu

Samband sunnlenskra kvenna er með Sjúkrahússjóð, þar sem eingöngu eru gefnar gjafir úr honum til heilsugæslustöðvanna í HSU í Árnes og Rangárvallasýslu og á sjúkrahúsið. Til að fjármagna sjóðinn þá gefum við út tækifæriskort á hveju ári og þá er úthlutað úr sjóðnum til tækjakaupa á ársfundi og nemur gjafaupphæðin í hvert skipti um einni milljón króna. Núna voru að koma fjögur ný tækifæriskort eftir listakonurnar Hjördís Alexandersdóttir, Ingunni Jensdóttir og Sólrúnu Auðbertsdóttur. Kortin munu verða til sölu á öllum heilsugæslustöðvunum í þessum tveimur sýslum, einnig verður hægt að nálgast þau hjá formönnum kvenfélagna og

stjórnarkonum SSK. Hafa má samband við formann SSK, Sólveigu Þórðardóttur með tölvu-

pósti ssk@kvenfelag.is. Þessi fjögur kort saman í pakka munu kosta 2.500 krónur.



Súperlagnir er alhliða þjónustufyrirtæki á sviði pípuþjónu á Selfossi

SÚPERLAGNIR

VIÐ TÖKUM AÐ OKKUR STÓR SEM SMÁ VERKEFNI

Símanúmer: 664-8892 eða senda verkbeiðni á superlagnir@superlagnir.is

prentmet heildartausnir í prentun

Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
www.prentmetoddi.is

Vinnuskóli Bláskógabyggðar 2026 Flokkstjóri óskast

Bláskógabyggð óskar eftir að ráða flokkstjóra yfir vinnuskóla sveitarfélagsins og umhirðu opinna svæða og tilfallandi umhverfisverkefna sumarið 2026. Aldurstakmark er 20 ár, kröfur eru gerðar um almenn ökuréttindi og hreint sakavottorð. Starfstími er frá lok maí til loka júlí. Möguleiki er á starfi til 20 ágúst. Starfsvæðið er á Laugarvatni, í Laugarási og í Reykholti. Umsóknarfrestur er til 3. maí. nk. Einstaklingar eru hvattir til að sækja um, óháð kyni.

Umsóknir berist á netfangið kristofer@blaskogabyggd.is.

Upplýsingar gefur Kristófer í síma 860-4440 og 480-3000.

Ljóðastund með Þór Stefánssyni á bókasafni Eyrarbakka

Ljóð geta sagt ótal margt í Laðeins örfáum orðum. Þau geta vakið upp sterkar tilfinningar. Þór Stefánsson ljóðskáld hefur leikið sér með ljóðformið um árabíl og fáir hafa samið og þýtt jafn margar ljóðabækur. Þær eru fimmtíu talsins á fimm tungumálum.

Skáldið ætlar að lesa upp

úr verkum sínum á Konubókastofu, bókasafni Eyrarbakka (Túngötu 40), miðvikudaginn 29. apríl klukkan 17.

Tílefnið er útgáfa tuttugustu frumsömu ljóðabókar Þórs. Á sýningunni má skoða bækur hans á íslensku og þýðingar þeirra á arabísku, dönsku, ensku, frönsku og japönsku. Einnig



verða til sýnis þýðingar hans á verkum erlendra skálda.

Þór bjó í Frakklandi og hefur þýtt fjölda ljóða úr frönsku yfir á íslensku. Alls verða um fimmtíu bækur til sýnis og gefst gestum kostur á að fletta þeim og kynna sér fjölbreyttan bókmenntaheim skáldsins. Að sýningu lokinni verða bækurnar til útláns á bókasafninu á Eyrarbakka.

Viðburðurinn er hluti af lista-hátíðinni Oceanus – Stórsjór sem haldin verður á Eyrarbakka í vor.

Öll eru hjartanlega velkomin.



Þór Stefánsson ljóðskáld og Ásta Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri listahátíðarinnar Oceanus - Stórsjór. Mynd: Aðsend.

1. MAÍ

2026 SELFOSSI

Lúðrasveit Selfoss og Hestamannafélagið Sleipnir leiða kröfugöngu kl. 11:00 frá Austurvegi 56 að Hótel Selfossi þar sem dagskrá og skemmtun fer fram.



Kynnir

Jónas Yngvi Ásgrímsson

Ræðumaður

**Sigríður Ingibjörg
Ingadóttir**

Framkvæmdastjóri BSRB

Ungur ræðumaður frá
Menntaskólanum á Laugarvatni

**Elena R Marquiz
Gunnlaugsdóttir**

Tónlistaratriði frá Tónsmiðju Suðurlands:

**Rannveig Helga Kjartansdóttir og
Örn Hreinsson**

Leikhópurinn Lotta

**Fimleikadeildin sér um
andlitsmálun**



**BS
RB**

Styrkur okkar er velferð allra



FÖSS



Skógur verður til

Síðastliðið haust fagnaði Skógræktarfélag Selfoss því að 40 ár voru liðin frá undirritun samnings á milli Selfossbæjar og Skógræktarfélags Selfoss um land til skógræktar. Nú í vor eru 40 ár liðin frá fyrstu framkvæmdum í Hellisskógi og er það ekki síður tilefni til fagnaðar.

Nýja landið leit ekki vel út fyrir 40 árum og þurfti margt að gera svo svæðið teldist nýtanlegt sem verðandi útivistar- og skógræktarsvæði. Félagsmenn í skógræktarfélaginu, unglingavinna Selfossbæjar og starfsmenn í Áhaldahúsi bæjarins unnu þrekvirki þetta fyrsta ár. Svæðið var hreinsað af drasli, gamlar girðingar fjarlægðar og nýjar settar í staðinn og gömlu fjárhúsin rifin.

Skógrækt ríkisins reisti hliðgrind og sá um plægingu á hluta mýrarsvæðisins og Gíslí í Byggðarhorni tætti fyrir skjólbeltum.

Aðalstarf sjálfbóðaliða í skógræktarfélaginu þetta fyrsta vor var síðan að planta þrjú þúsund alaskavíðiplöntum í skjólbelti neðst á svæðinu rétt innan við innganginn. Alls voru gerð 1,2 km löng skjólbelti.

Annað af fyrstu verkefnum var að stinga niður græðlingum í ræktunarbæð. Settir voru niður 1000 græðlingar af alaskavíði og 2000 græðlingar af alaskasp. Trén uxu vel og tveimur árum seinna var þeim plantað út í landið umhverfis bæðið. Þar eru nú 40 árum síðar skógar-



Græðlingaáspirnar 40 árum síðar (2026).

lundir með stórvöxnum öspum en lítið sést eftir af víðinum.

Ekki gera allir þeir fjölmörgu gestir sem heimsækja Hellisskóg sér grein fyrir þeirri vinnu sem sjálfbóðaliðar í Skógræktarfélagi Selfoss hafa lagt á sig öll þessi ár til að gera Hellisskóg að þeirri paradís sem hann er í dag. Einnig ber að þakka dýrmætt starf ýmissa hópa sjálfbóðaliða sem hafa komið að vinnu í skóginum í gegnum tíðina bæði við plöntun og viðhald t.d. göngustíga. Árlega er plantað í skóginn, lagðir eða lagfærðir göngustígar og vegir, og skógurinn grisjaður og snyrtur eftir þörfum. Allt krefst þetta undirbúnings og vinnu.

Heimsóknir í Hellisskóg eru fastur partur af tilveru margra Selfyssinga og verður það von-

andi um alla framtíð. Góð umgengni um skóginn og virðing fyrir því starfi sem þarna hefur verið unnið er forsenda þess að svæðið verði áfram eftirsóknarvert til útivistar og færi gestum þá gleði og hugarró sem skógaranga veitir og er öllum nauðsynleg í hraða nútímans.

Hægt er að fræðast nánar um Hellisskóg og starf Skógræktarfélags Selfoss á heimasíðu félagsins hellisskogur.is.

Aðalfundur Skógræktarfélags Selfoss verður haldinn í Mörkinni, Grænumörk 5, miðvikudaginn 22. apríl kl. 20. Þar verður meðal annars erindi um mögulega stækkun Hellisskógar og aðlögun að nýja Suðurlandsveginum og brúnni. Allir eru velkomnir.

Örn Óskarsson



DAGSKRÁIN

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Blaðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
Prentun: Prentmet Oddi
ISSN 1670-407X Svansvottuð prentsmíða

Gáta vikunnar

Sendi oft er fer á flakk,
fjár ég þarfnast ekki.
Fingur langt um löndin gakk,
ljúfan mann ég þekki.

Svar við gátu í blaði 2848: **BYLGJA**

1. Bylgja í hári - 2. Hafalda eða bára
3. Útvarpsstöðin Bylgjan - 4. Bylgja, kvenmannsnafn



Sunnlenski matgæðingurinn



Grænmetis lasagne og eftirréttur

Matgæðingur vikunnar er Linda Dögg Sveinsdóttir.



Takk, Rakel mín, fyrir hlý orð í minn garð. Á dauða mínum átti ég nú von en ekki að ég yrði Sunnlenski matgæðingurinn. Ég hef notið þess að lesa margar dásamlegar uppskriftir frá öðrum hér í Dagskránni undanfarnin ár og prófað nokkrar góðar. Af mörgu er að taka en ég ákvað að deila með ykkur uppskrift að grænmetislasagna sem kemur frá sr. Guðbjörgu Arnardóttur, kærri vinkonu minni. Uppskriftin er úr matreiðslubókinni Munn-gælur, sem Vallaskóli gaf út árið 2004, með uppáhalds uppskriftum starfsfólks þess tíma. Uppskriftin hefur aðeins verið aðlöguð á mínu heimili og mér finnst best að útbúa grænmetis-sósuna deginum áður og láta standa yfir nótt áður en ég geri sjálft lasagne-ið.

Grænmetis lasagne

- 200 gr. laukur
- 200 gr. gulrætur
- 200 gr. kúrbítur (zucchini)
- 1 bakki sveppir
- 2-3 hvítlauksrif
- 1 stór rauð paprika
- 2 dósir niðursoðnir tómatar
- 2 msk. tómát pasta (mauk)
- 2 tsk. oreganó
- 1 tsk. basil
- 1-2 grænmetisteningar
- Salt/pipar
- Ólífuofla
- 1-2 stórar kotasælur
- Rifinn ostur/oststykki
- Lasagne-plötur

Ég byrja á að hita olíu í potti og læt hana renna yfir botninn. Þá er að mauka lauk og hvítlauk fyrst í matvinnsluvél og bæta út í olíuna. Síðan er bara að mauka í vélinni hvert grænmetið á fætur öðru og bæta út í pottinn. Þá bæti ég tómátpastanu, kryddinu og myl grænmetistening saman við. Gott er að hræra vel á milli meðan er steikt. Síðan er lok sett á pottinn, látið krauma við vægan hita í 45 mín, hrært í reglulega á meðan og smakkað til með salti og pipar. Gott er að láta standa aðeins og kólna.

Byrjað er á að pensla eld-

Ég ætla að skora á mína yndislegu vinkonu, Hildigunni Kristinsdóttur, að vera næsti matgæðingur því hún er algjör töfrakona þegar kemur að matargerð, bakstri og öllu sem tilheyrir mat. Ég á nokkrar uppskriftir frá henni í mínu safni og hlakka til að sjá hvað þessi elska töfrar fram fyrir okkur.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

fast mót með olíu og kveikja á ofninum, blástur 180°. Þá er að setja 1/3 af sósunni í formið og dreifa jafnt yfir botninn. Síðan er ostur settur ofan á sósuna (ég sker niður ost í sneiðar og legg yfir en það má að sjálf-sögðu dreifa líka rifnum osti yfir) og svo lasagne-plötur. Kotasælan kemur næst og er jafnað yfir plöturnar (við viljum hafa vel af henni, því notum við vel hálfu) og svo 1/3 af sósunni jafnað yfir sæluna. Aftur ostur, plötur, kotasæla og restin af sósunni. Þá er að toppa með rifnum osti og elda í ofninum í 40 mínútur. Gott er að leyfa réttinum að kólna í 15 mín áður en byrjað er að skera. Á meðan er fínt að baka hvítlauksbrauð.

Hvítlauksbrauð, parmesanostur og ferskt grænmeti er meðlætið sem við veljum með réttinum.

Ég elska súkkulaði og góða desserta. Læt fylgja með uppskrift sem er einföld og góð. Uppskriftina er ég búin að eiga lengi en man ekki hvaðan hún kom.

Toblerone-súkkulaðimús

- 500 g Toblerone, saxað
- 150 g smjör
- 4 egg
- 600 ml rjómi, þeyttur

Súkkulaði og smjör brætt við vægan hita og hrært þangað til blandan verður slétt. Þá er blandan tekin af hellunni og látin kólna í 5-7 mín., hrært í af og til. Egginn er þeytt saman og þeim bætt við blönduna í nokkrum skömmtum og hrært vel í á milli. Rjóminn er stífþeyttur og 1/3 af honum blandað saman við súkkulaðiblönduna með sleif. Súkkulaðiblöndunni hellt út í restina af rjómanum, vafið saman með sleikju og blandað vel. Hellt í skál eða glös og kælt í a.m.k. 3 tíma eða yfir nótt. Borið fram með söxuðu Toblerone, berjum og þeyttum rjóma.

Verið ykkur að góðu!

Á yfir 1000 borðspil í einkasafni – Spilavin á Hótel Hvolsvelli

Spilaviðburðurinn Spilavin á Hótel Hvolsvelli fer nú fram dagana 23.-26. apríl. Þetta markar fimm ára afmæli hátíðarinnar og er búið að framlengja hátíðina frá þremur dögum yfir í fjóra.

Hilmar Kári Hallbjörnsson er stofnandi fyrirtækisins Borðspilavinir og forsvari fyrir viðburðinn Spilavin á Hótel Hvolsvelli.

Hvað er Spilavin?

Spilavin (enska orðið yfir boardgame retreat) gengur út á að fólk alls staðar að sem hefur áhuga á borðspilum hittist til þess að spila saman alla helgina frá fimmtudegi til sunnudags.

Hugmyndina að spilaviðburði átti Hilmar ásamt nokkrum félögum sínum fyrir nokkrum árum. „Við vorum nokkrir vinir sem töludum saman um að það væri nú gaman ef við gætum öll farið saman og spilað heila helgi einhvers staðar,“ segir hann.

Hilmar tók þá á skarið og hefur haldið utan um spilaviðburðinn frá upphafi. Í samstarfi við Hótel Hvolsvöll hefur viðburðurinn verið haldinn þar eina helgi ár hvert síðastliðin fimm ár. Síðastliðin fjögur ár hefur hátíðin verið haldin frá föstudegi til sunnudags, en hefur nú þróast yfir í stærri viðburð. Í ár hefst hún á sumardaginn fyrsta og stendur yfir í fjóra daga, frá fimmtudegi til sunnudags. Hilmar segir framlenginguna koma til með að vera næstkomandi ár.

Stærsta borðspilasafn á Íslandi

Hilmar sjálfur uppgötvaði áhuga sinn á borðspilum árið 2018 og hefur síðan þá verið að safna borðspilum. Í dag er Hilmar kominn með yfir 1000 borðspil í safni sem gerir hann líklega eiganda að stærsta safni í einkaeigu af borðspilum á Íslandi.

Hilmar mætir persónulega með hátt í 400 borðspil af 1000 borðspilum sem hann á sjálfur sem gestir á staðnum geta gengið í. Spilunum stillir Hilmar upp í hillu og fólk hefur aðgang að borðspilasafninu og getur þar af leiðandi valið sér það spil sem það vill. „Það eru allir velkomnir að koma, það er ekki uppselt enn þá þannig að allir geta komið.“



Mynd af Hilamari tekin á Spilavin árið 2024. Í bakrunn má sjá hluta af borðspilasafninu. Mynd: Aðsend.

Lifandi sýning á laugardagskvöld

Aðsókn að hátíðinni hefur aukist ár frá ári og segir Hilmar þau vera komin með 80% nýtingu á öllu hótelinu. „Það er ekki langt í að viðburðurinn fari að verða uppseldur. Við erum með rétt tæplega 100 einstaklinga skráða og nýtum því í kringum 49 herbergi af 66 herbergjum hótelsins.“

Þótt meirihluti gesta séu Íslendingar hefur viðburðurinn einnig náð að laða að erlenda þátttakendum sem koma bæði á eigin forsendum eða með boði.

Í ár verða sérstakir gestir á hátíðinni stjórnendur vinsæla borðspilahlaðvarpsins This Game Is Broken, sem koma frá Bandaríkjunum, Þýskalandi og Bretlandi. Þau munu halda lifandi sýningu á laugardagskvöldi, þar sem grín og spil fléttast saman fyrir framan áhorfendur. „Þetta er svolítið eins og að fá Rolling Stones til að spila á Bræðslunni fyrir okkur í borðspilaheiminum,“ segir Hilmar.

Skemmtilegasta hópefli sem til er

Hilmar segir hátíðina vera eitt skemmtilegasta hópefli sem til er. „Fólk stundum áttar sig ekki á því hvað þetta er í raun og veru magnað fyrr en það kemur á staðinn. Þetta er bara eitt-hvert skemmtilegasta hópefli sem til er,“ segir hann. „Á hverju ári koma 40–50 vinir mínir. Þetta er fólk sem ég kalla

bara vini mína sem eru að koma og spila. Þetta er bara fólk sem hittist til að spila en er svo kannski ekkert endilega alltaf að hittast við önnur tækifæri,“ bætir hann við.

Hilmar segir fólk sitja frá morgni til kvölds og í samstarfi við hótelið er boðið upp á hádegis- og kvöldmat. „Eftir þetta samstarf fer fólk ekkert út af hótelinu alla helgina. Það kannski tjekkar inn á hádegi á fimmtudegi og svo fer það bara seinnipartinn á sunnudegi.“

Hilmar nefnir að hátíðin sé frábær leið til að aftengja sig og losna frá símanum. „Þetta er bara svo mikil upplifun og þetta er svo skemmtilegt. Þetta er svo mikil samvera. Það er enginn með nefið ofan í neinum skjá, það eru allir bara að eiga í samskiptum og spila. Spilin eru alls konar, allt frá litlum stokkaspilum og upp í spil sem taka marga klukkutíma að spila. Einmitt mjög góð leið til að losa sig frá símanum.“

Á hátíðinni eru allir velkomnir og eru starfsmenn á staðnum sem eru tilbúnir að taka á móti gestum. „Ef þú hefur aldrei spilað áður og þú kemur einn þá eru starfsmenn sem taka þér opnum örmum, kynna þig strax fyrir fólki, kenna þér og koma þér í spilið.“

Engin stefna á að hætta

Hilmar segir enga stefnu vera á að hætta næstkomandi ár og hefur hann strax hafið að undirbúa hátíðina á næsta ári. Komin er dagskrá fyrir 2027 og hefst þá Spilavin sumardaginn fyrsta þann 22.-25. apríl. Samstarfið við Hótel Hvolsvöll segir Hilmar frábært og að enginn áhugi sé á að breyta því.

„Og við erum strax farin að hafa samband og fá erlenda gesti, svo já, ég er strax byrjaður að plana framtíðina. Við stefnum að því að selja upp hótelið,“ segir hann að lokum.

Nánari upplýsingar um hátíðina má finna inni á spilavin.is. SEG

Aðalfundur FOSS

Aðalfundur FOSS verður haldinn, þriðjudaginn 5. maí kl. 19 á Hótel Selfoss.

Dagskrá fundarins:

Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál
Happdrætti

Þegar fundi er lokið kemur Bjarni Snæbjörnsson og skemmtir fundagestum.

Boðið verður upp á smárétti á meðan fundi stendur.

Stjórn FOSS

FOSS
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Ljóð vikunnar

ÉG GET EKKI ELSKAÐ ÞIG

Ég finn þitt fagra hjartalag
og ég skynja hvað stjórnur næturinnar eru rómantískar,
en ég get ekki elskað þig
af því að ég er maður úr sandi
og þekki aðeins þurrk.

Já, ég heyri ljúfa rödd þína
og ég sé þitt fagra andlit,
en ég get ekki elskað þig
af því að ég er huglaus maður
og á ekkert nema sorg.

Trúðu mér,

ég hef notið til fulls hverrar yndisstundar með þér
og ég finn ilminn af sjávargróðri,
en ég get ekki elskað þig
af því að ég er aðeins harðbrjóstla leifar af stríði.

Anwer Ghani, Írak

Málverk eftir Frans Minnaert, collection Ithaca Foundation



Spilasafnið frá hátíðinni í fyrra en en þá jókst spilasafnið úr 100 spilum í 350. Mynd: Aðsend.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjudagar kl. 11-13
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14:-16
Unga fólkíð

Miðvikudagar kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á
Brossiðunni

Föstudagar kl. 11-13
Opíð hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahöpurinn Smáramir kl. 18

Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag
Arnessýslu/Brossið/Smáranir

AI-Anon Selfossi

AI-Anon fundir - einn dagur í einu, alla laugardaga. Nýliðafundur hefst 9:30 og AI-Anon fundur strax að honum loknum klukkan 10:00.

AI-Anon Selfossi

AI-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krukus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi
1, Þorlákshöfn
Mánudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

AA fundir í Hveragerði í húsi
Rauða krossins. Mánamörk 1
Mánudaga Kl.18 - Konur
Fimmtudaga Kl.18 -
Sporafundur - Konur

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



BYGGÐA-RAF

LÖGGILTUR RAFVERKTAKI

Á SUÐURLANDI

Tómas Örn

Sími: 897 2027

tommisnorra@gmail.com



Við prentum
ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Hægt er að senda inn
fréttatilkynningar
á netfangið
dfs@dfs.is



HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heilðræn
meðhöndlun



Jákvæðar
hugsanir
breyta deginum



Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í íþróttaræðum,
nálistungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsumúddar,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

Hvatning fyrir frambjóðendur til góðra verka

Við hjá Íþróttafélaginu Hamri skiluðum nýlega inn starfaskýrslu Íþróttafélagsins Hamars fyrir árið 2025 til ÍSÍ. Það er ávallt ánægjulegt að ljúka slíkri vinnu, enda gefur hún góða yfirsýn yfir umfang og árangur starfsins á liðnu ári.

Á árinu 2025 voru 1.886 iðk-
endur skráðir í Hamar. Félag-
ið starfar í átta deildum og nær
til um 60% íbúa Hveragerðis
miðað við fjölda. Það eitt og sér
segir mikið. Það segir okkur að
Hamar er lykilstoð í samfélaginu.

Margt hefur áunnist í innra
starfi félagsins og árangur iðk-
enda hefur verið til fyrirmyndar.
Þar skipta þjálfarar og sjálf-
boðaliðar sköpum. Það er hópur
fólks sem við viljum halda í og
á svo sannarlega hrós skilið fyrir
óeingingjarnt og verulega lausna-
miðað starf við mjög svo krefj-
andi aðstæður.

Við biðum enn eftir nýju
íþróttahúsi. Nú fjórum árum síð-
ar eftir að loftborna íþróttahúsið
fauk stendur blakdeildin fyrir
stóru Kjörís móti í blaki í Þor-
lákshöfn. Fimleikadeildin hefur
hætt keppnisstarfi og skortur á
aðstöðu hefur kallað á miklar
ferðir til Þorlákshafnar. Körfu-
knattleiksdeildin okkar hefur
sent elstu flokkana til æfinga í
Þorlákshöfn, badmintonið sækir
afrestíma í Reykjavík og hluti
yngri barna í knattspyrnu fær
ekki tíma í húsinu yfir kald-
asta tímann. Þetta hefur mikil
áhrif á gæði starfsins til langs
tíma. Við höfum engan íþrótt



og tómtundarfulltrúa en þrátt
fyrir þetta höfum við sýnt að
við erum lausnamiðað og við
göngum langt til þess að láta
þetta glórusausa dæmi ganga
upp. Stjórnir, þjálfarar, iðkendur
og foreldrar vinna saman að því
að láta hlutina ganga upp.

Framundan eru kosningar og
þegar við horfum til baka yfir
síðustu fjögur ár vakna ýmsar
spurningar:

Hvað skiptir raunverulega
máli fyrir svona stórt og mikil-
vægt Íþróttafélag?

Það er skýrt að:

- Við viljum að sett verði raun-
hæf áætlun í gang til næstu
10 ára í uppbyggingu íþrótt-
aðstöðu í Hveragerði
- Við þurfum sveitarfélag
sem vill hafa íþróttastarfið í
fremstu röð
- Við þurfum vilja til samstarfs
- Við þurfum stöðugar og skýr-
ar boðleiðir

- Við þurfum einfaldari ferla –
ekki flóknari
- Við þurfum sveitarfélag sem
setur íþróttir í forgang
- Við þurfum skjót viðbrögð
þegar vandamál koma upp
- Við þurfum stöðuga leit að
umbótum
- Við þurfum að það sé hlustað
á rödd íþróttafélagsins
- Við viljum að það sé einhver
sem gæti okkar hagsmuna

Það sem við viljum ekki eru
kosningabroögð, skammtíma-
lausnir eða innan tólm loforð

Við viljum sveitarfélag sem
er í sama liði og við.
Gangi ykkur vel

Þorsteinn Theodór Ragnars-
son formaður Íþróttafélagsins
Hamars

Guðjóna Björk Sigurðardóttir
frankvæmdastjóri íþrótt-
félagsins Hamars

Gull Silfur og Bronz á Vormóti JSÍ

Judosamband Íslands hélt ár-
legt vormót sitt í fullorðins-
flokki um síðustu helgi. Fjögur
tóku þátt frá Judofélagi Suður-
lands, Arnar Helgi Arnarsson

+100kg. Haraldur Ásgeir Har-
aldsson -100kg. Sara Ingólfs-
dóttir -63kg. og Agla Ólafsdóttir
-70kg. Liðsmenn Judofélagsins
glímdu vel þennan daginn og
uppskáru öll sæti á verðlauna-
palli. Agla Ósk hélt viðteknum
hætti og sigraði sinn flokk, Arnar
Helgi varð að lúta í gras fyrir

í úrslitaglímu og fékk því silfur
en Sara Ingólfsdóttir og nýliðinn
Haraldur Haraldsson fengu

Bronz fyrir framtíðstöðu
dagsins. Segja má að niður-
staðan hafi verið ánægjuleg í
alla staði og eru sunnlendingar
sannanlega að setja mark sitt á
Judoheima.

KIRKJUR

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Austurvegi 40b
Samkoma á sunnudögum
kl.11:00
English translation available.
Unglingasamkomur á fimmtu-
dögum kl. 20:00
Allir innilega velkomnir.

Skálholtsdómkirkja

Guðsþjónusta fyrsta sunnudag í
sumri kl. 11. Sr. Kristín Þórunn
Tómasdóttir sóknarprestur þjón-
ar fyrir altari og prédikar. Jón
Bjarnason dómorganisti leikur
undir og leiðir safnaðarsöng.
Barnaborðið ávallt á sínum stað.
Innilega velkomin.

Stóruborgarkirkja

Messa og aðalsafnaðarfundur kl.
14 fyrsta sunnudag í sumri. Sr.
Kristín Þórunn Tómasdóttir sókn-
arprestur þjónar fyrir altari og
prédikar. Jón Bjarnason dómorg-
anisti leikur undir og leiðir safn-
aðarsöng. Sóknarnefnd
Mosfellssóknar stýrir aðalsafnað-
arfundi og gefur kaffið.
Sóknarbörn hvött til að mæta!





Samfylkingin og óháðir í Árborg



Opnun kosningaskrifstofu og kynning á stefnuskrá

Sumardaginn fyrsta
23. apríl kl. 16.00
Eyravegi 23, Selfossi

Samfylkingin og óháðir í Árborg fagna sumrinu með opnun kosningaskrifstofu og kynna stefnuskrána.

Frambjóðendur á staðnum kynna stefnumálin - léttar veitingar

DEWALT DAGAR

25-40% afsláttur

af öllum DeWALT vörum fyrir alvöru framkvæmdir

30%

DEWALT

Borvél og herslúvél, 18V
5159134

67.900 kr
97.490 kr

30%

DEWALT

Hnoðbyssa, 18V
5158214

106.900 kr
152.900 kr

JOTUN

Pallaolía og viðarvörn

20%



Nýtt blað komið út



Opið sumardaginn fyrsta
Sjá nánar á husa.is

Hjól



HÚSAMÍÐJAN

Gleðilegt sumar

blómafall

Garðhúsgögn

Grill

TAX FREE

Gildir til 26. apríl

GRILL

Gildir ekki af Weber

HJÓL

GARÐHÚSGÖGN

GARÐVERKFÆRI


TRAMPÓLÍN

ALLAR VÖRUR Í BLÓMAVALI

Tax Free jafngildir 19,35% afslætti

Allar vörur í Blómafalli

Garðverkfæri





Framúrskarandi
málningarþjónusta,
vönduð vinnubrögð,
góð samskipti og
sanngjarnt verð.

Valdi málari

Sími 823 4522

Ökukennsla

Sniðið að þörfum hvers og eins.
Kennsla á íslensku eða ensku.



Hafðu samband í 897 4693

Bókaðu á UTIADAKA.IS

„Með þér alla leið“



KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



LAGNIR

ALHLIÐA
PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is



PÚLSINN

Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

WWW.SOLPALLUR.IS



SÓLPALLUR

Fagmennska - Gandi - Áreiðanteiki

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti



Far sem
fagmennirnir vinna



Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is



GB Hús

NÝSMÍÐI | VIÐHALD | PALLSMÍÐI

ÖLL ALMENN
SMÍÐAVINNA

Löggiltir húsasmíðameistarar

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

GBHUS@GBHUS.IS



LAGNALAND

ÁREIÐANLEGIR
PÍPULAGNINGAVERKTAKAR

Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is

LAGNALAND EHF.




534 9600
www.heyirn.is

LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM



Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf

Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is



Stíflupjónusta
Sævars Selfossi

Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS



STÍFLULOSANIR

LAGNAMYNDUN - ÁSTANDSSKOÐANIR

SÓNUM ÚT LAGNIR

LAGNAFÓÐRUN

ROTÞRÆR

FITUGILDRUR

SANDGILDRUR

SKÓLPFREINSISTÖÐVAR

HOLRÆSAHREINSUN

510 1180 - 669 8441



Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir



Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.trs.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is